

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki (289. mál).

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. mars 2019, um umsögn félagsins um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki á þingskjali 321.

Efni tillögunnar er að Alþingi feli forsætisráðherra að láta vinna heildstæða úttekt á löggjöf og regluverki hér á landi með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði. Við vinnuna verði leitað samstarfs við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD). Heimilt verði að áfangaskipta áætluninni, en henni skuli að fullu lokið í árslok 2021.

FA fagnar þessari tillögu og styður framgang hennar. FA tekur undir röksemadir flutningsmanna um jákvæð áhrif virkrar samkeppni á verðlag, nýsköpun og hagvoxt. Félagið hefur um árabil beitt sér fyrir því að samkeppnismati, af því tagi sem lýst er í greinargerð tillögunnar, verði beitt hér á landi til að stuðla að virkri samkeppni og einföldun regluverks atvinnulífsins. Hefur félagið meðal annars sent stjórnvöldum ítrekaðar tillögur þess efnis og hvatt til þess að samkeppnismati verði beitt bæði á gildandi löggjöf og við móton nýs regluverks.

FA telur jafnframt eðlilegt að verkefnið verði unnið í samstarfi við OECD. Stofnunin hefur um árabil bent á mikilvægi þess fyrir efnahag ríkja að hugað sé að áhrifum laga, reglna og stjórnvaldsákvvarðana á samkeppni. Í þessu efni hefur OECD mótað verklag við samkeppnismat (Competition Assessment Toolkit). Stjórnvöld geta beitt því til að efla samkeppni eða takmarka samkeppnishindranir sem stafað geta af lögum, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þetta verklag kemur um leið í veg fyrir óþarfa reglubyrði á atvinnulíf, en slík reglubyrði felur alla jafna í sér samkeppnishindranir.

Samkeppnismati OECD hefur m.a. verið beitt með góðum árangri í Portúgal, Grikklandi, Rúmeníu og Mexíkó. Í Ástralíu hefur verið sýnt fram á bein tengsl milli þeirra umbóta sem stjórnvöld þar í landi réðust í til að fækka samkeppnishindrunum og vaxandi hagvaxtar, minnkandi atvinnuleysis og hækkandi ráðstöfunartekna heimila.


Félag atvinnurekenda fagnaði ákvörðun Þórdíssar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, í ágúst 2018 um að framkvæma í samstarfi við OECD samkeppnismat á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu og byggingariðnaðar á Íslandi. Verkefnið hófst formlega nú í marzmánuði og hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið umsjón með því í samvinnu við Samkeppniseftirlitið. Verkstjórn er hins vegar í höndum samkeppnisdeildar OECD. Áfomað er að verkefninu ljúki á 18 mánuðum.

FA hefur bent á að augljóst og nærtækt næsta skref sé að taka fyrir tvær aðrar atvinnugreinar sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur á sinni könnu, það er landbúnað og sjávarútveg. Í báðum greinum eru í gildi víðtækar samkeppnishömlur og full ástæða til að rýna í regluverkið með það að markmiði að leysa umbótaöfl samkeppninnar úr læðingi.

Tillaga FA hefur raunar verið að samkeppnismatinu verði beitt á alla geira atvinnulífsins til að leiða í ljós samkeppnishömlur og koma þeim fyrir kattarnef. Félagið lýsir því eindregnum stuðningi við þá tillögu sem hér er til umfjöllunar og hvetur til þess að hún hljóti samþykki Alþingis.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemduum á framfæri á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA